

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Grundarfjarðarbæ.

#### 1. gr.

Af hundum í Grundarfjarðarbæ skal Grundarfjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 1194/2011, sbr. 13. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við leyfisveitingu vegna hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisgjald	5.000 kr.
Bráðabirgðaleyfi	5.000 kr.

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	12.000 kr.
------------------	------------

Sama ár og hundur er skráður skal innheimta eftirlitsgjald hlutfallslega m.v. þann mánuð sem hundur er skráður, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald í Grundarfjarðarbæ.

#### 4. gr.

Greiðsla vegna ormahreinsunar og ábyrgðartryggingar er innifalin í eftirlitsgjaldi.

#### 5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, 10.000 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

#### 6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 7. gr.

Undanþegnir greiðslu eftirlitsgjalds:

- a) Hundar sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu eftirlitsgjalds sbr. 4. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald. Heimilt er að ógilda niðurfellingu eftirlitsgjalds sé viðkomandi hundur ekki lengur notaður til löggæslu- eða björgunarstarfa.
- b) Hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu, sbr. 4. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald.
- c) Undaneldishundar, sbr. 6. gr. og 5. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald.
- d) Hundar í dreifbýli, sbr. 8. gr. samþykktar um hundahald.

Hundar á lögbýlum, sbr. 9. gr. samþykktar um hundahald, eru undanþegnir leyfisgjaldi og eftirlitsgjaldi.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 8. desember 2011 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um

hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011 og öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1218/2011.

*Grundarfirði, 11. janúar 2012.*

**Björn Steinar Pálmason** bærarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2012